

Ófært viðsvegar um land allt



Hjálparveit skáta í Hveragerði við lokunarskiltið upp Kamba.

Skálholt: Sr. Dagur Fannar Magnússon ráðinn

Biskup Íslands auglýsti eftir presti til þjónustu í Skálholtsprestakall, Suðurprófastsdæmi, og rann umsóknarfrestur út 24. janúar s.l.

Valnefnd kaus sr. Dag Fannar Magnússon, prest í Heydölum, til starfans og hefur biskup Íslands, sr. Agnes M. Sigurðardóttir, staðfest ráðningu hans.

Nýi presturinn

Sr. Dagur Fannar Magnússon er fæddur á Selfossi 10. júlí 1992. Hann lauk stúdentsprófi frá Fjölbautaskóla Suðurlands árið 2011 og mag. theol. prófi frá guðfræði- og trúarbragðadeild Háskóla Íslands árið 2019.

Sumarið 2019 starfaði hann sem verkefnastjóri í Skálholti.

Hann var vígður 15. september 2019 til Heydala í Austfjarðaprestakalli, Austurlandsprófastsdæmi og tók þar við störfum 1. nóvember 2019.

Sr. Dagur Fannar stefnir að því að ljúka MA-gráðu í guðfræði í september á þessu ári.

Eiginkona hans er Þóra Gréta Pálmarsdóttir, foreldrafræðingur og uppeldisráðgjafi að mennt, og

eiga þau þrjú börn. Þóra Gréta starfar hjá Austurbrún við rannsóknir.

Prestakallið

Prestakallið í Skálholtsprestakall í Suðurprófastsdæmi er á samstarfssvæði með Hrunaprestakalli.

Það samanstendur af átta sóknum þar sem eru 12 kirkjur. Prestakallinu fylgir vaktsími sem er fyrir HSU á Selfossi, lögreglu og aðra viðbragðsaðila vegna bráðaútkalla, vitjana, slysa og andláta á svæði gömlu Árnes-sýslu. Prestsbústaður er í Skálholti og þar er starfsaðstaða sóknarprestansins.

Sóknamefnd telur nauðsynlegt að prestur hafi fast aðsetur í Skálholti og er æskilegt að starfsaðstaða hans verði í Gestastofu Skálholts.

Starfinu fylgja viðbótar-skyldur við önnur prestaköll í prófastsdæminu, önnur prófastsdæmi, sem og við Þjóðkirkjuna – Biskupsstofu og önnur kirkjuleg stjórnvöld.

hsh



Sr. Dagur Fannar Magnússon fyrir altari Stöðvarfjarðarkirkju Blessar söfnuðinn - mynd: Ingibjörg S. Jóhannsdóttir

**Fáðu
fagmann
í verkið**



**PÍPULAGNIR
HELGA**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



**FRAMÚRSKARANDI
ÞJÓNUSTA**

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is

ÚTBOÐ

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir tilboðum í: „Sunnuvegur - 2201352“



Verkið felur í sér endurgerð götunnar Sunnuvegur á Selfossi. Jarðvegskipta skal götustæðið, leggja styrktarlag, burðarlag og malbika götuna. Einnig skal setja upp ljósa-staura og leggja ljósa-staurastreng. Að auki skal leggja fráveitu, vatnsveitu, fjarlskiparör og hitaveitulagnir.

Helstu magntölur eru:

Gröftur.....	4800 m ³
Styrktarlag/fylling	4800 m ³
Malbik.....	2080 m ²
Fráveitulagnir.....	588 m
Vatnsveitulagnir	297 m
Hitaveitulagnir	316 m
Ljósa-staurar	7 stk

Verkinu skal að fullu lokið 1. nóvember 2022.

Útboðsgögn verða afhent á útboðsvef sem er aðgengilegur hér:

<https://arborg.ajoursystem.is/Tender/DirectLink/bfc5890f-191e-4b87-a0e5-a3469475d2a3>

Tilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skráum sem gerð er krafa um. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn. Skilafrestur tilboðs er til **kl. 11:00 miðvikudaginn 16. febrúar 2022.**

Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur tilboða er liðinn. Bjóðendum verður því ekki boðið að mæta á opnunarfund en í kjölfar opunar tilboða verður bjóðendum sent opnaryfirlit rafrænt.

Mannvirkja og umhverfissvið Árborgar

Setur Selfoss heimsmet - í álögðum fasteignagjöldum?

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson

Eldri borgari á Selfossi



Jæja, nú er hinn árlegi glaðningur kominn fram á Ísland.is, þ.e. álagningarseðillinn fyrir fasteignagjöldin á Selfossi/Árborg fyrir árið 2022. Eins og fyrri ár eru fasteignagjöldin á Selfossi með þeim hæstu eða hæst á Íslandi. Ég hef að vísu heyrt að Fellabær/Egilsstaðir veiti okkur harða samkeppni en hef ekki séð staðfestar tölur þaðan. En skyldu gjöldin á Selfossi vera heimsmet í álagningu gjalda á íbúðarhúsnæði? Spannandi ef hægt væri að gera raunhæfan samanburð á milli landa.

Svo forðast megí allan mis-skilning þá er alls ekki átt við að gjöldin séu svona há í öllu sveitarfélaginu Árborg, alls ekki. Það er nefnilega fasteignamatíð á Selfossi sem hækkar um ótrúlega há hlutföll á milli ára sem ræður þessu. Það á ekki við um sveitina, Tjarnarbyggðina eða þorpin við ströndina. Sömu álagningarprósentur eru allsstaðar í sveitarfélaginu eins og eðlilegt er.

Ég hef borið mig saman við vini og ættingja mig búa í öðrum byggðarlögum og það kannast enginn við svona tölur eins og ég fæ að njóta eða rúmlega 519 þúsund á 175 fm. parhús. Hækkun fasteignagjaldanna á húsið mitt á árabílinu 2017 - 2022 (rétt rúmlega núverandi kjörtímabil) er nálægt 65%. Á sama tíma hefur vísitala neysluverðs hækkað um tæp 19%. Ef ég er með réttar upplýsingar þá hefur launavísitala hækkað um rúmlega 30% á sama tíma. Til gamans birti ég mynd af hluta álagningarseðlanna fyrir árin 2021 og 2022. Þar sést að allt hækkar á milli ára nema sorpgjöldin, þau eru sama krónutala bæði árin. Þakka ber

það sem vel er gert.

Eigum við ekki bara gott færi á að ná heimsmetinu, a.m.k. í hækkun gjaldanna á þessu tímabili? Ef ég er ekki farinn að kalka alvarlega, þá minnir mig að sum ef ekki flest framboðin til bæjarstjórnar í síðustu sveitarstjórnarkosningum 2018, hafi verið með fyrirheit um lækkuð fasteignagjaldanna á kjörtímabilinu sem nú er nánast liðið, ef þau kæmst til áhrifa. Kannski hafa þau ekki komist til áhrifa eða hafa bara gleymt þessu? Svo er alltaf gott að eiga ónotuð loforð sem hægt er að endurnýta. Endurvinnsla og endurnýting eru umhverfisvænu hugtökini í dag og um að gera að nýta það.

Sagt er að við þurfum að búa við þessar skefjálauðu hækkanir af því að svo margt fólk er að flytja á Selfoss. Við fögnum öllum nýjum íbúum og tókum vel á móti þeim, að sjálfsögðu. En þetta kallar á stanslausa vinnu við gerð nýrra innviða, götur, lagnir, skóla, leikskóla, félagsþjónustu og íþróttastöðu og ótal margt fleira. Gott mál, en af hverju skilar þessi fjölgun sér ekki í því að við njótum hagræðingar af fleiri íbúum og fleiri fasteignum sem öll bera gjöld? Þetta virðist bara skila sér í því að bæjarsjóður er sagður vera á kúpunni með nánast ókleifan skuldahala. Ég hef eðlilega ekki séð ársskýrslu og uppgjör bæjar-

sjóðs fyrir síðasta ár, en hef heyrt að ekki sé um fallegar tölur þar að ræða. Þetta kemur í ljós í fyllingu tímans. En hver er þá ávinningurinn af hraðri fjölgun íbúa? Er hann kannski bara í hærri tölum um íbúafjölda? Kannski kemur fram einhver hagræðing eftir 15 - 20 ár?, en þá verðum við þessir núverandi heldri borgarar mögulega ekki hér í eigin húsnæði.

Sum sveitarfélög, þar sem fasteignamatíð hækkaði mikið á síðasta ári, lækkuðu álagningarprósentur til þess að milda höggið fyrir sína íbúa, en ekki Árborg. Það er gott til þess að vita að bæjarfulltrúar Árborgar hafa þá tröllatru á tekjumögu-leikum okkar eldri borgaranna og launafólksins að okkur muni bara ekkert um þetta.

Sumir spyrja þegar þessi mál ber á góma, af hverju kemur þú þér bara ekki í burt og flytur annað þar sem skattþeningin er minni? Góð spurning, en viljum við flæma íbúa Árborgar burt með ofurháum gjöldum? Nei, ég held ekki. Það er nefnilega gott að búa í Árborg, þrátt fyrir háu gjöldin sem þó rýra ráðstöfunarfé okkar mikið. Þessi rýrnun á ráðstöfunarfé okkar leiðir til minni kaupa okkar á vörum og þjónustu hjá okkar ágætu þjónustuaðilum.

Eigið góða tíð á Þorranum og Góunni og bara alltaf.

CS	Perfisa	175,4 m ²	670,7	44.230	7.670	51.900	100,000%
				Samtals	44.230	7.670	51.900
Athugið gæti:							
		Stað	MT/haust	Þjófning	Álagning	Árshlutf.	Til greiðslu
Fasteignarlag. Hg nr. A/1000 3.g. A-10		51.900	0,25440 %	1,0000	1,000	100,000%	100,000%
Löðarlag		7.670	0,00000 %	1,0000	1,000	77,700	100,000%
Félagsþjónustulag		51.900	0,25100 %	1,0000	1,000	100,000%	100,000%
Verðgætt		51.900	0,17200 %	1,0000	1,000	86,236	100,000%
Sorpgjöld, bær		55.900 kr.	0,00000 %	1,0000	1,000	65,000	100,000%
Samtals gjöld:					462.706		462.706

CS	Perfisa	175,4 m ²	670,7	47.920	7.730	55.650	100,000%
				Samtals	47.920	7.730	55.650
Athugið gæti:							
		Stað	MT/haust	Þjófning	Álagning	Árshlutf.	Til greiðslu
Fasteignarlag. Hg nr. A/1000 3.g. A-10		55.650	0,25440 %	1,0000	1,000	100,000%	100,000%
Löðarlag		7.730	0,00000 %	1,0000	1,000	77,300	100,000%
Félagsþjónustulag		55.650	0,25100 %	1,0000	1,000	100,000%	100,000%
Verðgætt		55.650	0,17200 %	1,0000	1,000	95,718	100,000%
Sorpgjöld, bær		65.000 kr.	0,00000 %	1,0000	1,000	65,000	100,000%
Samtals gjöld:					519.274		519.274

MÍMIR NEMENDAFÉLAG MENNTASKÓLANS AÐ LAUGARVATNI

SÆLIR SUNNLENDINGAR!

Alltaf er nóg um að vera hér í Menntaskólanum að Laugarvatni. Vikan hefur verið mjög fjölbreytt og viðburðarík. Síðastliðnar vikur hefur verið æft stíft fyrir leiksýninguna Stelli í Orlofi sem nemendur ætla að frumsýna fimmtudaginn 17. febrúar í Félagsheimilinu Aratungu í Reykholti. Leikritið er byggt af samnefndri kvikmynd frá árinu 1986 og um er að ræða fjórar sýningar. Undirbúningur leiksýningarinnar hófst síðastliðið haust og hlakka nemendur mikið til að sýna verkið. Umsjónarmenn og leikstjórar sýningarinnar eru Arnheiður Dilljá Benediktsdóttir og Gísella Hannesdóttir.



Þar sem slakað hefur verið á sóttvarnareglum og veðrið var gott gátum við nemendur loksins haldið okkar árlega snjóslag þann 31. janúar. Snjóslagið hefur verið hefð í fjóldamörg ár í ML. Þá safnast nemendur saman á túninu fyrir neðan vistirnar og keppir fyrsti bekkur við annan og þriðja bekk. Þátttaka nemendar var mjög góð og höfðu eldri bekkirnir vinninginn þetta árið.

Umsjón: Margrét Inga Ágústsdóttir og Jóhannes Torfi Torfason

AFMÆLISVEISLA

8.-16. febrúar fögnum við 48 ára afmæli!

Með þakklæti fyrir öll árin bjóðum við frábær afmælistilboð

Vertu velkomin í **kaffi og konfekt**

50-70% afsláttur af útsöluvörum
20-30% afsláttur af nýjum vörum

Afmælisafsláttur gildir af öllum vörum á tiskuverslun.is

Notaðu afsláttakóðann **lindin48**

LINDIN
TISKUVERSLUN
Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

VONIN Í VOTLENDINU



en uppreiknað til 3 ára eru það 4.212 tonn. Árið 2020 stöðvaði sjóðurinn 2.636 tonn en uppreiknað til 2 ára eru það 5.265 tonn. Samtals til dagsins í dag eru þetta 9.477 tonn sem samsvara losun 4.738 nýrra fólksbíla á sama tíma. Þess utan lauk sjóðurinn við endurheimt í Fífustaðadal í haust, svæði sem telur um 70 hektara.

Landgræðslan metur og mælir forsendur allra endurheimtarrverkefna Votlendissjóðs. Að lokinni framkvæmd er verkið mælt og metið að nýju. Ef verkið hefur heppnast til fulls færir Landgræðslan það í samantektartölur landsins um stöðvun losunar frá frammæstu votlendi.

Votlendissjóður býður öllum landeigendum til samstarfs um framkvæmd endurheimtar á svæðum í þeirra eigu. Undir slíkum samningi tryggir landeigandinn að endurheimtin verði unnin af fagaðilum og undir eftirliti og mælingum Landgræðslunnar.

Á átta ára samningstíma greiðir Votlendissjóðurinn fyrir alla vinnu við undirbúning og framkvæmd endurheimtarinnar. Á samningstímanum er ábati aðgerðanna, þ.e. kolefniseiningarnar eign sjóðsins og selur sjóðurinn þær til að fjármagna aðgerðina. Að samningstímanum loknum eru einingarnar eign landeigandans.

Kynntu þér starfið okkar hjá Votlendissjóði á www.votlendi.is og sjáðu sóknarfærin sem liggja allt í kringum okkur í loftslagsbaráttunni.

Einar Þór Bárðarson

Katrín er með sýningu í Gallerí Listaseli

Myndlistarkonan Katrín J. Óskarsdóttir er listamaður febrúarmánaðar í Gallerí Listaseli á Selfossi.

Katrín hefur einbeitt sér að því að teikna Íslensku húsdýrin og andlitsmyndir af fólki.

Á sýningunni eru Íslensku húsdýrin í öndvegi. Sýning sem þessi er ekki aðeins skemmtileg fyrir augað heldur einnig fræðandi fyrir hvort sem er skóla, leikskóla, ferðamenn og okkur Íslendinga.

Galleríið er í nýja miðbænum á Selfossi.



Listamaðurinn verður við á laugardögum milli kl. 16:00 og 18:00.

Katrín nam Grafíska hönnun frá MHI. Hún starfaði á auglýsingastofum og var sjálfstætt starfandi á eigin vinnustofu við teiknivinnu, hönnun og uppsetningu á sýningabásnum, skiltagerð og gluggaskreytingar.

Katrín býr í Miðtúni 2 við Hvolsvöll og vinnur þar að list sinni. Þangað eru allir velkomnir eftir samkomulagi.

Fréttatilkynning

Á félagsfundi Árneseinga- og Sjálfstæðra. Árneseinga- og Sjálfstæðra. Árneseinga- og Sjálfstæðra. Árneseinga- og Sjálfstæðra.

Árneseinga- og Sjálfstæðra. Árneseinga- og Sjálfstæðra. Árneseinga- og Sjálfstæðra.

Árneseinga- og Sjálfstæðra. Árneseinga- og Sjálfstæðra. Árneseinga- og Sjálfstæðra.

Árneseinga- og Sjálfstæðra. Árneseinga- og Sjálfstæðra. Árneseinga- og Sjálfstæðra.

Árneseinga- og Sjálfstæðra. Árneseinga- og Sjálfstæðra. Árneseinga- og Sjálfstæðra.

Mótum framtíðina saman.

Fyrir hönd M-listans og Sjálfstæðra,

Tómas Ellert Tómasson, verkfræðingur, bæjarfulltrúi, bæjarráðsmaður og formaður Eigna- og veitunefndar Sv. Árborgar.





Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langa langömmu

Guðrúnar Sveinsdóttur
Dúnu frá Ósabakka



Sérstakar þakkir til starfsfólks á dvalar og hjúkrunarheimilinu Ási Hveragerði fyrir einstaka hlýju og umönnun

Auðbjörg Lilja Lindberg
Sveinn Elíasson Kolbrún Björnsdóttir
Elías Rúnar Elíasson Bryndís Jónsdóttir
Barnabörn og barnabarnabörn.

Aðalfundur

Aðalfundur Stangaveiðifélags Selfoss verður haldinn á Hótel Selfossi föstudaginn 11. febrúar kl. 20.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf

Stjórnin



Aðalfundur Félags eldri borgara í Hveragerði verður haldinn 17. febrúar 2022 kl. 14:00

Dagskrá fundar:

- Venjuleg aðalfundarstörf
- Kosning stjórnar
- Önnur mál.



Kanntu skyndihjálpi?

11.2
EINER TILNAÐAÐ
dagurinn

- Það getur skipt sköpum þegar á reynir.
- Lærðu skyndihjálpi til þess að geta aðstoðað og jafnvel bjargað einstaklingi í neyð.
- Oftar en ekki er það einhver nákominn þér sem þarf á tafarlausrí hjálpi að halda vegna slyss eða skyndilegra veikinda.

Kynntu þér málið inná skyndihjálpi.is



Áhugaverðustu skáldin eru alltaf á skjön við hugmyndafræði síns tíma segir lestrarhesturinn Unnar Magnússon

Unnar Magnússon er 24 ára, fæddur og uppalinn Sel-fyssingur og kláraði grunn- og framhaldsskólagöngu sína á Selfossi. Hann byrjaði háskólagöngu sína í Bandaríkjunum, en útskrifaðist með B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands í fyrravor. Unnar starfar nú sem váttryggingaráðgjafi hjá TM, auk þess að spila knattspyrnu með stórliði Hamars í Hveragerði.



Unnar Magnússon

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Þessa dagana er ég að lesa Fávitann eftir Fjodor Dostojevski (1821-1881). Ég valdi hana úr hillu foreldra minna eins og flestar bækur þar á undan. Ég valdi Fávitann eftir að hafa lesið Góða dátan Sveijk, eftir Jaroslav Hasek (1883-1923) en mig langaði að lesa eitthvað í svipuðum dúr. Það sem vakti hvað helst áhuga minn á Fávitannum var húmorinn, persónusköpunin og hugmyndafræði rithöfundar. Heimspeki og hugmyndafræði Dostojevskis þykir mér áhugaverð. Ég hafði áhuga á því að skoða hvort og þá hvernig hugmyndafræði hans kemur fram í skrifum hans.

En hvers konar bækur höfða helst til þín?

Það eru alls konar bækur sem höfða til mín. Á veturna eru það þó helst bækur sem gerast annars staðar en hér á landi. Mér þykir gott og raunar nauðsynlegt að geta sloppið úr skammdeginu hér og dvalið í huganum á öðrum stað, hvar sem er, í þessum heimi eða öðrum. Bækurnar verða þó að hafa húmor, heimspeki, pólitík, eða bara gott ævintýri. Mikilvægast er þó að bækurnar séu vel skrifaðar. Mér þykir ómögulegt að lesa illa skrifaðar bækur.

Ertu alinn upp við bóklestur?

Ég var alinn upp við mikinn lestur, foreldrar mínir mikið áhugafólk um bókmenntir, ömmur og afar, og eldri systkini lásu mikið og gera enn. Mamma er ötul talskona þess að lesa fyrir börn, eins og margir sem

þekkja hana vita, svo það var mikið lesið fyrir mig á upp-vaxtarárunum og er ég mjög þakklátur fyrir það. Uppáhalds barna- og unglingabækur voru Harry Potter og Artemis Fowl. Ég las þessar bækur allar 10-12 sinnum og urðu þær betri með hverju skiptinu. Það er stórlega vanmetið að lesa bækur oft en einu sinni. Aldrei er góð vísa of oft kveðin, og góð bók of oft lesin.

Segðu aðeins frá lestrarvenjum þínum?

Ég er óreglumaður þegar það kemur að lestrarvenjum. Hér á árum áður las ég alltaf áður en ég fór að sofa en geri ekki lengur, nú les ég bara þegar mér sýnist. Þegar tími gefst til, gott næði, sæmilegur friður og jafnvel kaffibolli. Heima finnst mér gott að hafa góða tónlist í bakgrunn, eða jafnvel kveikt á Rás 1 án þess þó að vera að hlusta. Best er þó að lesa innan um fólk úti, úti í íslensku náttúru eða á meginlandinu með gott útsýni yfir fallegt stöðuvatn, fjöll eða skóglendi.

Áttu þér einhverja uppáhaldshöfunda?

Ég á mér svo sem engan uppáhaldshöfund, mér finnst skemmtilegt að kynna mér höfundinn sjálfan. Lesa um þá höfunda sem ég er að lesa hverju sinni, um uppvaxtarár, pólitík og hugmyndafræði. Mér þykir oft áhugaverðastir rithöfundar eins og Dostojevski, sem eru á skjön við hugmyndafræði síns

tíma. Annars hef ég gaman af skemmtilegu fólki, þar á meðal eru Bragi Páll Sigurðarson, Fríða Ísberg og Bergur Ebbs. Listinn er sem betur fer ekki tæmandi.

Hefur bók einhvern tímann rænt þig svefni?

Já, oftast en einu sinni og oftast en tvisvar hefur bók rænt mig svefni. Það var helst Harry Potter, Hringadróttinsaga og Artemis Fowl þegar ég var yngri. Það var oft lítið sofið þegar ég var að lesa þær, sérstaklega ef það var í jólafríi. Núna kemur það ekki eins oft fyrir, en þó við og við. Stormlight Archive séríuna eftir Brandon Sanderson er erfitt að leggja frá sér. Svefnleysi er því oftast tengt við einhvers konar ævintýrabókmenntir.

En að lokum Unnar, hvernig bækur myndir þú skrifa sem rithöfundur?

Sem rithöfundur myndi ég reyna eftir bestu getu að skrifa eitthvað sæmilega skemmtilegt. Mér þykir gaman að þæla í fólki og umhverfi svo það lægi kannski helst fyrir mér að skrifa eitthvað þar sem ég gæti búið til persónur. Ég er hins vegar handónýtur að semja spennandi söguþráð, svo það væri fátt um fína drætti í þeim efnum. Ég dást líka að fólki sem hefur hugmyndaflug og getu til að búa til nýja heima. Það væri magnað að geta það.

Umsjón með Lestrarhesti
hefur Jón Özur Snorrason.
Sendið tillögur á jonozur@gmail.com



Útgefandi: Prentmet Oddi,
Eyravegi 25, 800 Selfoss,
sími 482 1944, dfs@dfs.is, www.dfs.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson,
sími 856 0673, gunnar@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944,
auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi.
Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á mánudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísagátur-höf:
Ármann Dalmannsson
Útg. Bókautgáfan SKRUDDA

Ég er félagsheiti ungra heldri manna.
Úti í fjósi oft má sjá mig
og inni í búri líta á mig.

Svar við gátu í blaði 2635: **Pottur**
1. Grautar**pottur** - 2. Jurta**pottur**
3. Nátt**pottur**



Auglýst er eftir umsóknum í Uppbyggingarsjóð Suðurlands

Menningarverkefni

Bætt **menning**, **velferð** og **samstarf**
svo lífsgæði eflist og mannlíf á
Suðurlandi blómstri

Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

Öflugt atvinnulíf á Suðurlandi með
aukinni **nýsköpun**, bættri **framleiðni**
og fleiri fyrirtækjum

Kynnið ykkur **áherslur** og **úthlutunarreglur** sjóðsins á www.sass.is

UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT
ÞRIÐJUDAGINN 1. MARS, KL. 16:00



RÁÐGJÖF UM ALLT SUÐURLAND

Ráðgjafar eru á starfsstöðvum um allt Suðurland.
Umsækjendur eru hvattir til hafa samband við ráðgjafa á vegum
SASS og fá aðstoð við gerð umsókna.



STYRKIR@SASS.IS



S. 480-8200



WWW.SASS.IS

Uppbyggingarsjóður er hluti af



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

BYKO á Selfossi leitar að liðsauka

Við hjá BYKO erum að leita að öflugum starfsfólki til liðs við okkur
í verslun BYKO á Selfossi. Ef þú ert framsækin og faglegur
starfsmaður með gleðina í fyrirrúmi þá erum við að leita að þér.

Verslunin er opin frá 8:00-18:00 alla virka daga, 10:00 til 16:00 á laugardögum.
Vinnutími er til skiptis 8:00-16:00 og 10:00-18:00 aðra hvora viku.

Við leitum að starfsmanni með:

- Ríka þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Áhuga á verslun og þjónustu
- Þekking á ljósum og rafmagni, kostur
- Íslenskukunnáttu

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Afgreiðsla og ráðgjöf til viðskiptavina
- Áfyllingar í verslun

Frekari upplýsingar um starfið veitir Gunnar Bjarki Rúnarsson, verslunarstjóri
(gunnarbr@byko.is)

Um er að ræða 100% starf.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst og verður því unnið úr umsóknum jafnóðum.

Sótt er um starfið á byko.is

Umsóknarfrestur er til 06. mars 2022



BYKO

GERUM PETTA SAMAN

Við búum öll yfir þeim dýrmæta hæfileika að geta bjargað lífi

Í tilefni af 112 deginum sem haldinn er föstudaginn 11. febrúar 2022

Það er gömul saga og ný að slys og veikindi gera ekki boð á undan sér. Hvar og hvenær sem er getum við lent í þeirri stöðu að þörf er á kröftum okkar í að leggja slösudum eða veikum lið. Við getum líka lent í því að þurfa á aðstoð að halda. Þá er dýrmætt að fyrstu viðbrögð nærstaddra séu rétt, líkt og það er mikill styrkur í því að kunna til verka.

Við höfum líklega flest veitt skyndihjálpar byggða á innsæi okkar og skynsemi. Það að vera til staðar fyrir þann veika eða slasaða, kyssa á bágtið, setja plástur eða hugga telst allt til skyndihjálpar. Það að geta „einungis“ boðið nærveru sína á ögurstundu getur verið það allra dýrmætasta fyrir fólk í neyð.

Það er margsannað að rétt viðbrögð á slyssað geta skipt sköpum í lífi þeirra sem slasast og því öllum mikilvægt að þekkja undirstöðuatriði í skyndihjálpar. Æskilegt er að sem flestir læri skyndihjálpar því oftast liða nokkrar dýrmætar mínútur þar til fagfólk heilbrigðisstéttarinnar kemur til hjálpar og því er mikilvægt að bregðast rétt við. Með útbreiðslu á þekkingu í skyndihjálpar stuðlum við að betra og öruggara samfélagi.



Slys og veikindi gera ekki boð á undan sér og því er nauðsynlegt að geta brugðist rétt við þegar skyndileg óhöpp eða slys bera að. Með skyndihjálpar viljum við varðveita líf, stuðla að bata og síðast en ekki síst láta ástand hins slasaða ekki versna.

Með þessum skrifum viljum við hvetja alla til umhugsunar á hvaða hátt við getum bætt þekkingu okkar á skyndihjálpar. Fjárfestum í þekkingu og styrkjum okkar innviði, sú þekking er fjársjóður sem fylgir eiganda sínum til framtíðar.

Fyrir hönd forvarnarteymis
Árborgar
Díana Gestsdóttir lýðheilsufulltrúi í Sveitarfélaginu Árborg

Kæri íbúi Suðurkjördæmis!

Guðrún
Hafsteinsdóttir

1. þingmaður
Suðurkjördæmis



Nú stýttist óðfluga í sveitarstjórnarkosningar, en kosið verður þann 14. maí næstkomandi. Við Sjálfstæðismenn í Suðurkjördæmi göngum spennit til þessarar kosninga, bæði til þess að halda núverandi meirihlutum í kjördæminu sem og að tryggja nýja.

Þessa dagana eru mörg Sjálfstæðisfélög að funda til að komast að niðurstöðu um fyrirkomulag framboðslista flokksins. Rík hefið er fyrir prófkjörum innan Sjálfstæðisflokksins. Það er að mínu mati ein lýðræðislegasta leið sem hægt er að fara. Hvort sem farið verður í prófkjör eða uppstillingu þá vil ég hvetja þig til þátttöku með eigin framboði eða að kjósa í prófkjörum þar sem þau verða.

Á þessu kjörtímabili sem senn er á enda runnið höfum við upplifað gríðarlega uppbyggingu í mörgum sveitarfélögum um allt kjördæmið. Íbúafjöldun hefur verið mikil sem og atvinnuuppbygging. Gríðarlegur fjöldi fólks

hefur flutt sig frá höfuðborgarsvæðinu í rólegri og fjölskylduvænni sveitarfélög og fögnum við nýjum íbúum í kjördæminu.

Góð sveitarfélög eru byggð upp af öflugum og góðu fólki sem lætur sig málin varða. Hvernig viljum við hafa skólana okkar? Er lögð áhersla á atvinnumál? Hvernig tryggjum við okkar eldri íbúum áhyggjulaust ævikvöld? Er aðstaða til íþróttaiðkunar góð? Hvernig viljum sjá byggðina okkar þróast? Hvernig samfélagi viljum við búa í? Þessi umhugsunarefni sem og ótalmörg önnur verða fyrirferðarmikil í kosningunum í vor. Ef að þú hefur áhuga á að móta þitt samfélag og hafa áhrif á þróun þess vil ég hvetja þig til að taka þátt og láta þig málin varða.

Það er eflaust ekki til betri leið til að taka þátt í mótun samfélagsins en að taka þátt starfi Sjálfstæðisflokksins. Við erum 10.000 skráðir Sjálfstæðismenn hér í Suðurkjördæmi og ég veit að ef allir leggja hönd á plóg, íhuga að bjóða sig fram, hvetja aðra til framboðs og kjósa þá munum við uppskera vel í vor.

Núna er tækifærið til þess að að taka þátt og ég hvet þig til þess!

Vetrartrefill



Lífrænt vottað garn nýtur æ aukinna vinsælda. Í dag birtum við uppskrift af trefli sem prjónaður er úr garni sem heitir Dagmar og er frá Permin. Dagmar er blanda af 75% lífænt vottaðri ull og 25% polyamid til styrkingar. Það er með tweedögnum og fæst í nokkrum fallegum litum. Við prjónuðum úr tveimur hespum og þá mælist trefillinn 25 sm breiður og 175 sm langur. Auðvelt er að breikka trefilinn með því að fjölga köðlum og garðapryónslykkjum á milli og

eins er auðvelt að ráða lengd hans með því að prjóna færri eða fleiri umferðir. Svo má auðvitað setja kögur á endana ef vill, en það má líka alveg sleppa því.

Enni:

2 hespur Dagmar, hringprjón nr 4,5, hjálparprjón, gott er að hafa prjónamerki.

Uppskrift:

Fitjið upp 50 l og prjónið slétt prjón fram og til baka alls 10 umferðir (5 garðar).

Héðan frá eru allar umferðir prjónaðar eins; 5 l sl, 1 kaðall, 8 l sl, 1 kaðall, 8 l sl, 1 kaðall, 5 l sl.

Athugið að fyrsta lykkja hverrar umferðar er tekin óprjónuð.

Kaðlar eru gerðir þannig að prjónaðar eru 1 sl, 1 br, til skiptis allar 8 l og á 10 umferða fresti eru fyrstu 4 l settar á hjálparprjón og lagðar fyrir framan, næstu 4 l prjónaðar og svo þær sem eru á hjálparprjóninum. (Ábending - okkur fannst gott að setja prjónamerki í garðann þar sem kaðallinn krossast, þá er fljótlegt að telja 5 garða í næstu krossun). Þegar trefillinn er hæfilega langur (hér 171 sm) eru prjónaðar 10 umferðir sléttar, fellið laust af.

Gangið frá endum, skolið úr mildu sápuvatni.

Uppskrift: Þóra Þórarinsóttir.



Hannyrðabúðin

Eyrangei 23, Selfossi // 555-1314



Neyðarástand í aðgerðarleysi

Síldarvinnslan hefur fest kaup á jörðinni Fannardal í Norðfirði og er áformað að nýta hana til skógræktar, til að binda kolefni á móti kolefnislosun sem starfsemin veldur. Stefnt er að því að hin fyrirhugaða skógrækt í landi Fannardals verði framkvæmd í samvinnu við Skógrækt ríkisins. Verkefnið á að fullnægja öllum kröfum Loftslagsráðs um vottun og á skógræktunin að verða hæf til skráningar í Loftslagsskrá Íslands. Þetta má m.a. lesa á vef fyrirtækisins.

Virkja saman læk og skóg.

Það er ánægjulegt að fyrirtæki hugi markvisst að verkefnum á sviði umhverfis- og loftlagsmála. En er ekki fölgð í þessu tækifæri fyrir útgerðarinnna að styðji við bakið á landbúnaði í landinu. Það gerist með því að fela bændum að taka að sér skógrækt fyrir útgerðina. Það fer betur á því en að útgerðin fari að stunda landbúnað í formi skógræktar. Sterkar greinar eins og sjávarútvegurinn eiga að styðja við þjónustu og atvinnulíf í stað þess að gina yfir því öllu. Huga

mætti að samstarfi á fleiri sviðum eins og við uppbyggingu smávirkjana þar sem nálægð gerði það mögulegt. Raforkukaup beint frá býli. Ég sé þarna tilvalið tækifæri til tímamótasamvinnu útgerðar og bænda og gamalt orð fengi nýja merkingu. „Útvegs-bændur virkja saman læk og skóg.“

Bera ábyrgð í loftlagsmálum.

Síldarvinnslan og fleiri fyrirtæki hafa farið í rafvæðingu fiskimjölsverksmiðja, sett upp raf-landtengingabúnað fyrir fiskiskipin sem eru sparneytnari en áður og nota minni olíu. Á tíunda áratug síðustu aldar var hlutdeild sjávarútvegs í olíunotkun hér á landi að jafnaði rúmlega 42% en hefur á undanförmum árum verið í kringum 14%. Það er eftirtektarverður árangur á sama tíma og verðmæti afurða sjávarútvegsins vaxa stöðugt. En öll þessi viðleitni til að nýta raforku og bera ábyrgð í loftlagsmálum er stöðvuð af Alþingi sem kemur í veg fyrir endurnýjun flutningskerfis raforku og raforkuskortur eykur aðeins á olíunotkun.



Neyðarástand í aðgerðarleysi.

Nú er svo komið að allur ávinningur af milljarðaframlögum ríkisins til að rafvæða bílaflotann hverfur út í andrúmsloftið með olíureyknum. Við erum að keyra allt frá fiskimjölsverksmiðjum og kyndistöðvum yfir í rafknúna ferjuna Herjólf á dísilolíu þessa dagana. Það er tímaþætt að lýsa yfir neyðarástandi í aðgerðarleysi á uppbyggingu flutningskerfis á raforku. Og mæta orkuskiptum með því að skipta úr jarðefnaeldsneyti í raforku sem er framleidd á sjálfbærar hátt.

Til þess þarf að virkja.

Ásmundur Friðriksson alþingismaður.



World
Wetlands Day
2 February 2022
Wetlands Action for People and Nature



VONIN ER Í VOTLENDINU

2. febrúar er Alþjóðlegur dagur votlendis.
Virðum, verndum, endurheimtum **og njótum**

www.votlendi.is

Endurheimt votlendis stöðvar hundruð tonna koldíoxíðs árlega frá því að fara út í andrúmsloftið. Endurheimt eflir vistkerfi, lífræðilegan fjölbreytileika og varðveitir landgæði. Kofnisjafnaðu með endurheimt votlendis.

Votlendissjóðurinn endurheimtir votlendi í samvinnu við Landgræðsluna.

Kynntu þér starf Votlendissjóðs á www.votlendi.is



#Votlendi #GenerationRestoration #ActForWetlands
www.votlendi.is @votlendi





Starfskraftur óskast

Máttur Sjúkrálfun óskar eftir að ráða starfsmann í afgreiðslu.

Um er að ræða **60% stöðu**, vinnutími eftir samkomulagi (á opnunartíma 8-16)

Í starfinu felst símsvörun, afgreiðsla, þvottur og fleiri tilfallandi störf.

Leitum að sjálfstæðum og sveigjanlegum starfsmanni.

Umsóknir sendist á bylgja@mattur.is



Starfsfólk óskast við fyrirlögn PISA á Suðurlandi

Menntamálastofnun leitar að starfsfólki til að vinna við fyrirlögn alþjóðlegrar menntarannsóknarinnar PISA í 10. bekkjum grunnskóla á Suðurlandi.

Um er að ræða verktakavinnu sem fer fram á tímabilinu **5. mars til 7. apríl**.

Vinnan krefst öryggis í framkomu, reynslu af starfi með unglingum og góðrar tölvu- og íslenskukunnáttu.

Umsóknarfrestur er til og með **15. febrúar** og umsóknir skulu sendar á pisa@mms.is

Ný störf auglýst í hverri viku!

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS



Bragi Bjarnason gefur kost á sér í 1. sæti

Ég hef tekið þá ákvörðun að gefa kost á mér að leiða framboð Sjálfstæðisflokksins í Sveitarfélaginu Árborg vegna komandi bæjarstjórnar kosninga í vor. Fyrsta skrefið í þeirri vegferð er prófkjör flokksins sem fer fram 19. mars nk. og óska ég eftir stuðningi í 1. sæti listans.

Ég er 40 ára, eiginmaður og faðir þriggja barna og verið svo lánsamur að fá að ala þau upp hérna í Árborg. Ég er menntaður íþróttaráðgjafi, með MBA gráðu frá Háskóla Íslands og hef starfað sem stjórnandi hjá Sveitarfélaginu Árborg í 14 ár, nú sem deildastjóri fristunda- og menningardeildar. Á þessum tíma hef ég unnið að íþrótt-, fristunda-, forvarna-, viðburða-, markaðs- og ferðapjónustumálum fyrir sveitarfélagið og vil nýta þá miklu þekkingu sem ég hef til áframhaldandi vinnu fyrir samfélagið á breiðari vettvangi.

Ég legg áherslu á ábyrgan rekstur sveitarfélagsins þar sem öflug fjármálastjórn og forgangsroðun skapar tækifæri og forsendur til að veita okkur íbúum betri þjónustu til framtíðar. Samhliða þeirri íbúafjölgun sem hefur verið í Árborg undanfarin ár þarf að fjölga atvinnutækifærum svo íbúar hafi fleiri valmöguleika um störf í nærsamfélaginu. Þar vil ég leggja mín lóð á vogarskálarnar svo samfélagið okkar geti haldið áfram að vaxa en á þeim forsendum að innviðir, líkt og



leik- og grunnskólar, hitaveita og önnur mikilvæg þjónustu sé tilbúin undir slíkt.

Tekjur hafa ekki fylgt þeim verkefnum sem færð hafa verið til sveitarfélaga frá hinu opinbera og vil ég vera sterk rödd Sveitarfélagsins Árborgar í samstarfi við önnur sveitarfélög um að hið opinbera leiðrétti kostnaðarþátttöku sína í verkefnum líkt og málaflokkir fatlaðra og leik- og grunnskóla. Það er hagsmunamál sem snertir okkur öll að halda góðri þjónustu í nærsamfélaginu.

Sem foreldri þriggja barna hef ég kynnst því öflugra starfi sem er í leik- og grunnskólum og fristundastarfinu í Árborg. Það er að mínu mati frábært að ala upp börn í Sveitarfélaginu Árborg og vil ég leggja allan minn metnað í að það verði áfram eftirsóknarvert að búa í sveitarfélaginu.

Það hefur blundað í mér í nokkurn tíma að taka skrefið

inn á hið pólitíska svið og vill ég gera það af fullum krafti og einlægni. Ég sækist eftir oddvitasæti Sjálfstæðisflokksins þar sem ég tel að kraftar mínir nýtist til að leiða samstilltan hóp fólks til góðra verka fyrir samfélagið. Öflugt lið þar sem allir hafa rödd og stuðning til að ljúka verkefnum og ná settum markmiðum. Þar tel ég að reynsla mín úr daglegum störfum, þjálfun og félagsmálum nýtist vel.

Ég er spenntur fyrir því að eiga áfram í góðu samstarfi við alla íbúa Árborgar og vonast eftir að eiga gott samtal við alla áhugasama á næstu vikum en hægt er að fylgjast með á www.bragibjarna.is, „Bragi í 1. sæti“ á Facebook og [#bragibjarnason](https://www.instagram.com/bragibjarnason) á Instagram.

Vil að endingu hvetja einstaklinga sem hafa áhuga að starfa á þessum vettvangi að bjóða sig fram í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Árborg sem fram fer þann 19 mars.

Að þora og njóta þess að búa í samfélagi



Miðbærinn er á stuttum tíma Morðinn að sannarlegum miðpunkt sem við erum stolt af. Það gekk ekki átakalaust að sjá hann verða að veruleika og vissulega þurfti þrautseigju, trú á verkefnið og dug til að sjá verkefnið ganga eftir.

Samfélagið var á tímabili nánast klofið í afstöðu til málsins. Ekki endilega að íbúar vildu ekki uppbyggingu á miðbæ, heldur meira hvernig hugmyndin var útfærð. Í dag eru fáir sem efast um að vel tókst til og vonandi mun miðkjarni Selfoss halda áfram að vaxa og eflast.

Þó átökin um uppbyggingu á miðbænum hafi tekið á, þá var þetta í raun mjög jákvæður og uppbyggilegur tími.

Kraftmikil umræða hefur yfirleitt þau áhrif að hugmynd þroskast meira og betur. Menn leggja sig einn meira fram og tekið er tillit til sjónarmiða sem annars hefðu ekki endilega komið fram. Í mínum huga hefur Miðbæjarverkefnið, ekki á nokkurn hátt galdið þeirrar umræðu sem um verkefnið var, þvert á móti.

Það sem er mest um vert er að íbúum stóð ekki á sama. Að búa í samfélagi þar sem íbúar hafa skoðun á samfélagi sínu og þróun þess eru forréttindi enda er það lykillinn að góðu samfélagi.

Við eigum að hvetja til skoðanaskipta. Við eigum að virkja íbúa til þátttöku í samfélaginu á sem flestum sviðum.

Áfram á að horfa á þau tækifæri sem einkaframtakið býður okkur upp á. Við eigum að vera óhrædd við að skoða möguleika.

Í mínum huga er orðið tímabært að bjóða íbúum í Árborg upp á nýtt tækifæri í krafti einkaframfatsins.

Skoða á það ítarlega að fá sjálfstætt starfandi skóla á Selfossi. Þar er væntanlega fyrsti kostur að ræða við forsvarsmenn Hjallastefnunnar.

Með þeim hætti munu íbúar eiga fleiri möguleika. Eiga val í fyrsta skipti á Selfossi þegar kemur að grunnskóla. Með sjálfstætt starfandi skóla kæmu ferskir vindar inn í skólasamfélagið í Árborg.

Fyrir sveitarfélagið kæmi fyrirsjáanleiki í fjármögnun og rekstri með því að gera fastan samning er varðar útgjöld.

Fyrst og síðast er það ljóst að í Árborg vilja sem betur fer íbúar hafa skoðun á samfélaginu sem við búum í. Við eigum að vera óhrædd við að ræða hugmyndir sem geta gert samfélag okkar betra.

Við eigum að njóta þess og vera þakklát fyrir að fá fram ólík sjónarmið. Það er besta leiðin til að gera gott samfélag betra.

STARF

Elskar þú skipulag og tækni?

Við leitum að tæknimenntuðum og skipulögðum einstaklingi sem vill bæstast í hóp starfsmanna okkar á Þjórsársvæði. Starfið felur í sér tæknilega aðstoð við rekstur, viðhald og bilanagreiningu búnaðar í aflstöðvum á svæðinu.

Meðal annarra verkefna eru áætlanagerð og kostnaðargreining við innkaup á búnaði, að vera tengiliður við framkvæmda- og endurbótaverkefni og vinna með tæknigagnasafn og teikningar á svæðinu.

Æskileg hæfni:

- Menntun á vélasviði; vélfræði, iðnfræði, tæknifræði
- þekking og áhugi á rekstri, viðhaldi og hönnun á sviði vélbúnaðar
- þekking og áhugi á verkefnastjórnun
- Samskiptafærni og metnaður til að vera hluti af öflugri liðsheild
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Tölvu- og hugbúnaðarfærni
- Góð íslensku- og enskukunnátta. Norðurlandtungumál er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 16. febrúar

Fyrirspurnir má senda á
starf@landsvirkjun.is

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar
landsvirkjun.is/laus-storf



SUMAR 2022

Fjölbreytt sumarstörf á Þjórsársvæði og Sogssvæði

Við leitum að efnilegu og áhugasömu ungu fólki í sumarstörf á starfsstöðvum okkar á Sogssvæði og Þjórsársvæði.

Sumarstörf 16-19 ára

Sumarvinnu hópar okkar á Sogssvæði og Þjórsársvæði eru stórir og vinna fjölbreytt og mikilvæg verkefni sem snúa m.a. að umhirðu við aflstöðvar, landgræðslu og ýmsum samfélagsverkefnum.

Sumarstörf háskóla-, iðn- og tækninema

Ert þú í námi og á milli anna? Þá gætu sumarstörf nema verið eitthvað fyrir þig. Nánar um hvaða störf eru í boði á vefnum okkar.

Daglegar rútuferðir í boði frá Selfossi.

Sótt er um sumarstarf á heimasíðu Landsvirkjunar
landsvirkjun.is/laus-storf

Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar



Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

Þórir Haraldsson: Unglingalandsmót á Selfossi loksins aftur komið á dagskrá

„Unglingalandsmót UMFÍ er komið aftur á dagskrá. Það er auðvitað mikið lagt á sjálfbæði að undirbúa það í fjögur ár. En það er enginn bilbugur á okkur. Nú er þriðja tillagan hafin að því að halda mótið og enginn hefur skorast undan,“ segir Þórir Haraldsson, formaður framkvæmdanefndar Unglingalandsmóts UMFÍ.

Unglingalandsmótið hefur verið helsti fjölskylduviðburðurinn í gegnum árin og alltaf um verslunarmannahelgi. Mótið átti að vera á Selfossi um verslunarmannahelgina 2020. COVID-faraldurinn olli því að fresta þurftu mótinu þá og aftur í fyrra. Unglingalandsmót UMFÍ fór síðast fram á Höfn í Hornafirði um verslunarmannahelgina 2019.

Miðað við jákvæða þróun faraldursins og fyrirhugaðar afléttingar er gert ráð fyrir því að Unglingalandsmót UMFÍ fari fram á Selfossi um verslunarmannahelgina. Að mótinu standa ásamt UMFÍ Héraðssambandið Skarphéðinn (HSK) og sveitarfélagið Árborg. Mótsgestir geta tekið þátt í meira en 20 íþróttgreinum á daginn og farið með fjölskyldu og vinum öll kvöldin.

Vinna í 1096 klukkustundir

Framkvæmdanefnd Unglingalandsmótsins fundaði á Selfossi um mótið í gær og var þetta fyrsti fundur nefndarinnar á þessu ári. Þetta er jafnframt í þriðja sinn sem nefndin kemur saman til að funda um skipulagningu mótsins.

Sjálfbæðið hafa lagt mikið af mörkum til að halda mótið árið 2020 og svo aftur í fyrra. Þórir hefur haldið utan um upplýsingar um framlag sjálfbæðið og sagði 1.096 vinnustundir hafa farið í undirbúninginn á síðastliðnum tveimur árum. Það

gerir samfellda sjálfbæðavinnur á hverjum degi í átta klukkustundir í hálf ár.

Þórir segir allt tilbúið, allar greinar klárar og nú verði sérgreinastjórar virkjaðir á ný. Dusta þurfi líka rykið af mörgum atriðum, kanna stöðu tjalðsvæðis, tónlistarfólks og fleira í þeim dúr.

Þórir segir átak að halda mótið á þessu ári. Sérstaklega sé leiðinlegt að nú hafi heilir þrír árgangar þátttakenda ekki tekið þátt í mótinu.

„Ég hvet íþrótt- og ungmenntafélög um allt land til að koma Unglingalandsmóti UMFÍ aftur inn á dagatal sumarsins. Það verður að vera sameiginlegt verkefni okkar að vekja tilfinningarnar og dusta rykið af góðu minningunum af mótinu. Við þurfum að kveikja áhuga fólks á skipulagðri hreyfingu. Við verðum að koma fólki á hreyfingu, ekki aðeins fyrir þetta mót heldur allt skipulagt íþróttastarf,“ segir hann.

UMFÍ er landsamband allra ungmenntafélaga á Íslandi. Innan þess eru um 450 félög um allt land og nærri því allir sem stunda skipulagt íþrótt- og æskulýðsstarf. Á meðal aðildarfélag UMFÍ eru Valur og KR,

Stjarnan, Tindastóll, ÍA, Höttur og ungmenntafélögin Sindri, Umf Selfoss og mörg, mörg fleiri. Nærri því öll íþróttafélög á höfuðborgarsvæðinu eru innan UMFÍ að félögum í Hafnarfirði undanskildum.

Hvenær

Unglingalandsmót UMFÍ 2022 fer fram um verslunarmannahelgina 29. - 31. júlí 2022 á Selfossi. Öll ungmenni á aldrinum 11 - 19 ára geta skráð sig til leiks. Ekki er skilyrði að vera skráður/ur í ungmennta- eða íþróttafélag. Opnað verður fyrir skráningu 1. júlí 2022.

Fyrir hverja?

Unglingalandsmót UMFÍ er fjölskylduhátíð þar sem börn og ungmenni á aldrinum 11 - 19 ára reyna með sér í fjölmörgum íþróttgreinum en samhliða er boðið upp á fjölbreytta afþreyingu, leiki og skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Næg afþreying er fyrir alla fjölskylduna. Tjalðstæði er innifalið í þátttökugjaldinu.

Allar nánari upplýsingar verða birtar á www.ulm.is



Glæsilegur árangur á GK móti í hóp fimleikum

Fimleikar Um helgina fór fram GK mót í hóp fimleikum á Akranesi. Það var mikil eftirvænting fyrir mótinu hjá iðkendum og þjálfurum fimleikadeildar Selfoss en deildin átti í fyrsta skipti síðan árið 2016 keppendur í meistaraflokki. Selfoss skráði 3 lið til keppni, meistaraflokk kvenna, meistaraflokk mix og 2. flokk stúlkna. Undirbúningurinn hefur verið strembinn vegna covid og mikið um að iðkendur væru í sóttkví í janúar. Stundum voru aðeins 2-6 iðkendur á æfingum.

Á laugardag áttu meistaraflokkarnir að keppa en vetur konungur lét heldur betur finna fyrir sér og allar leiðir frá Selfossi voru lokaðar á laugardagsmorgun. Fimleikadeild Selfoss óskaði eftir því að mótshlutinn þeirri yrði færður. Fimleikasamband Íslands tók þá ákvörðun að keyra kvenna keppnina án okkar en færði mix hlutann yfir á sunnudag. Mikil vonbrigði voru hjá stúlkunum í kvennaliði Selfoss og þjálfurum að missa af sínu fyrsta móti í meistaraflokki. Þær sýndu hvað í þeim býr og tóku þá ákvörðun að keyra sínar æfingar hér heima og héldu sitt eigið heimamót og tóku það upp, ótrúlegur kraftur og jákvæðni sem einkennir þær. Hægt er að nálgast upptökuna inni á facebook síðu fimleikadeildarinnar. Æfingar þeirra voru stórglæsilegar og verður spennandi að fylgjast með þeim á næstu mánuðum.

Mix liðið mætti til keppni á sunnudag en ekkert annað lið var skráð í flokkinn. Mix liðið er ungt og efnilegt og sýndi flottar æfingar á öllum áhöldum. Liðið fékk 15,765 stig á gólfi, 12,565 stig á dýnu og 12,665 stig á trampólíni og fékk gull um hálsinn með samtals 40,580 stig.

Meistaraflokkarnir vilja koma á framfæri þakklæti til styrktaraðila sinna. Hægt er að fylgjast með hópnum á Instagram @selfoss.mfl.mix og @selfoss.mfl.kvk

2. flokkur keppti á sunnudeginum. Stúlkurnar voru að stíga sín fyrst skref í 2. flokki og eru með ungt og efnilegt lið en þær eru flestar á yngri ári í flokknum og nokkrar sem ættu að vera á eldri ári í 3. flokki. Þær stóðu sig vel og unnu trampólínið sem er virkilega góður árangur því þær voru þær að prófa mörg ný stökk. Stúlkurnar enduðu í 4. sæti á mótinu en þær voru aðeins 0,42 stigum frá 3.sætinu. Á gólfi fengu þær 16,630 stig (6. sæti), á dýnu 15,430 stig (3. sæti) og á trampólíni 14,815 stig (1. sæti), samtals 46,875 stig. 8 lið kepptu í flokknum.

Fimleikadeild Selfoss er stolt af sínu fólki og það verður spennandi að fylgjast með keppninni í vetur eftir góðan árangur á fyrsta móti. Næsta mót hjá þessum hópnum verður 26. - 27. febrúar en þá fer fram bikarmótið í hóp fimleikum.



Tölum saman

Opinn fundur með þingmönnum
og bæjarfulltrúum

Eyravegi 15, Selfossi

15. febrúar kl. 19:30



Dagar leita að þjónustufulltrúa á Árborgarsvæðinu

Dagar leita að þjónustufulltrúa í öflugan hóp starfsmanna.

Ert þú jákvæð/ur, skipulögð/lagður, útsjónarsöm/samur og hefur reynslu af stjórnun? Viltu styrkja teymi sem leggur metnað sinn í að létta viðskiptavinum okkar lífið með góðri þjónustu?

Þá er staða þjónustufulltrúa fyrir þig!

VIÐ
LÉTTUM
ÞÉR LÍFIÐ



Helstu verkefni og ábyrgð

- Daglegur rekstur þjónustusamninga á svæðinu
- Samskipti við viðskiptavinum
- Ráðningar starfsfólks, þjálfun og kennsla
- Eftirlit með gæðum þjónustunnar og ráðgjöf til viðskiptavina
- Innleiðing breytinga, nýrra verkefna og verklags
- Skráningar og eftirlit með tekjum og kostnaði

Menntunar- og hæfniskröfur

- Jákvætt viðhorf, nákvæmni, rík þjónustulund, góð samskiptafærni og metnaður fyrir því að ná afburðarárangri
- Vera lausnamiðuð/aður og sýna frumkvæði
- Reynsla af stjórnun og mannaforræði
- Góð tölvufærni og hæfni til að tileinka sér helstu viðskiptakerfi
- Þekking á bókhaldi og fjárhagsmálum
- Þekking á verkefna- og/eða gæðastjórnun er kostur
- Íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti
- Menntun sem nýtist í starfi

Umsóknarfrestur er til og með 13. febrúar nk. Sækja skal um starfið á www.dagar.is.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Valgerður Pálsdóttir, svæðisstjóri Daga á Suðurlandi, valgerdur@dagar.is; S: 617 3974.

RISA PRENTUN

A0 • A1 • A2 • LJÓSMYNDIR
VINNUTEIKNINGAR • PLAKÖT
RÚLLUSTANDAR

85 CM



200 CM



prentmet
HRADI - GÆÐI - ÞJÓNUSTA

SÍMI 482 1944
SELFOS@PRENTMET.IS
EYRAVEGUR 25, SELFOS

Fjárfesting í fólki, samfélaginu og framtíðinni



Í lok árs 2015 flutti ég og konan mín til Árborgar. Fyrir okkur hefur þessi tími einkennst af vinsemi, vináttu og öryggi. Samfélag Árborgar hefur tekið vel á móti okkur og er það ekki að ástæðulausu að svo margir, í svipaðri stöðu og við, vilji búa í Árborg. Fjölskylduvænt umhverfi, vöngumlegt viðhorf íbúa og góð þjónusta eru lífsgæði sem einkenna sveitarfélagið. Hér er gott að vera.

Hækkandi húsnæðisverð á höfuðborgarsvæðinu hefur hvatt marga til að skoða aðra og hagkvæmari búsetukosti.

Þessi staða hefur valdið mikilli fjölgun íbúa í sveitarfélaginu, eða sem nemur um 28% frá því að við fluttum hingað fyrir um 6 árum síðan. Til þess að mæta þessari íbúafjölgun hefur sveitarfélagið þurft að ráðast í uppbyggingu nýrra hverfa, leik- og grunnskóla og íþróttahöll svo eitthvað sé nefnt.

Þróun sem þessi er mikil áskorun fyrir sveitarfélagið og hefur þurft að hafa hraðar hendur til að svara eftirspurninni og bregðast við með uppbyggingu innviða, og það á met tíma. Svona mikil uppbygging á svo skömmum tíma er enginn hæðarleikur og krefst vinnu, tíma og fjármuna. Þessi uppbygging er ekki bara einhver kostnaður heldur er þetta fjárfesting, fjárfesting í fólki og framtíðar tekjum fyrir sveitarfélagið.

Mikill mannaúður hefur fylgt þessari uppbyggingu og með honum fylgja ný tækifæri. Sem dæmi getur það láðað að stærri fyrirtæki og stofnanir að flytja starfsemi sína til Árborgar. Hlutfall atvinnutækifæra hefur ekki haldið í við fjölgun íbúa í sveitarfélaginu. Það er hlutverk

sveitarfélagsins að finna leiðir til að stuðla að eflingu atvinnu og finna jafnvægi í fjárfestingum framtíðarinnar. Einnig þarf að halda þeim innviðum sem fyrir eru sterkum. Við þurfum að hlúa að okkar nærumhverfi og halda áfram þeirri uppbyggingu sem samfélagið kallar á.

Ég tel það tímabært að horft sé á Árborg og nágrennasveitarfélög sem eitt uppbyggingar- og atvinnusvæði. Mikilvægt er að koma sér saman um sameiginlega framtíðarsýn í byggðarþróun með markvissu samstarfi. Þar með skapast tækifæri fyrir samfélögin að nýta styrkleika hvers annars og vega þá upp. Með samtakamætti og samvinnu eru okkur allir vegir færir. Það er samfélaginu til bóta og hagur okkar allra að hugsað sé til framtíðar og vandað sé vel til verka. Þannig fjárfestum við fólki, samfélaginu og framtíðinni.

*Stefán Gunnar Stefánsson
Frambjóðandi í 1. sæti í prófkjöri Framsóknarflokksins í Árborg fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar.*

Fjölbreytt atvinnutækifæri í Árborg



Íbúafjöldi á Suðurlandi hefur verið ört vaxandi síðastliðin ár og því standa sveitarfélögin frammi fyrir miklum áskorunum varðandi atvinnutækifæri í heimabyggð. Mín skoðun er sú að heildstæður samfélagslegur ávinningur hljóttist af því að auka fjölbreytni í framkvæmd starfa og eru sem dæmi störf án staðsetningar ein leið til þess. Við þurfum að skapa ný atvinnutækifæri og færa störfin nær búsetu starfsfólks.

Uppbygging fjölbreyttara atvinnulífs utan höfuðborgarsvæðisins hefur lengi verið eitt af grunnmarkmiðum stefnumótandi byggðaaðætlunar og er hluti markmiða þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaðætlun til ársins 2024 að fjölga störfum án staðsetningar. Opinberar stofnanir og ráðuneyti þeirra hafa skilgreint hvaða störf er hægt að framkvæma utan sérstakra staðsetningar svo búseta hafi ekki áhrif á ráðningar starfs-

fólks. Stefnt er að því að árið 2024 verði 10% allra auglýstra starfa í ráðuneytum og stofnunum þeirra án staðsetningar. Inn á vef Bygðarstofnunar er að finna gagnvirk kort með upplýsingum um húsnæði fyrir störf án staðsetningar og hér í Árborg höfum við til að mynda Fjölheima.

Sóknaráætlun Suðurlands, fyrir árin 2020 – 2024 byggir meðal annars á fjölgun opinberra starfa um 15% fyrir árið 2025, en sú fjölgun miðar jafnt að flutningi- og nýmyndun opinberra starfa á Suðurlandi. Með þessari hugmyndafræði er lögð rík áhersla á uppbyggingu á starfsaðstöðu fyrir störf skilgreind sem án staðsetningar.

Árborg er fjölmennasta sveitarfélagið á Suðurlandi með tæplega 10.500 íbúa. Í ört stækkandi sveitarfélagi líkt og Árborg þarf að huga að öllum stigum samfélagsins. Íbúar sem eru að stíga inn á vinnu-markaðinn að námi loknu ættu að geta séð framtíðarstörf sín innan heimabæjarinnar. Hér er að finna fjölbreytta atvinnu, menntun, velferðarþjónustu og góð búsetuskilyrði. Við þurfum stöðugt að endurmeta stöðuna og þörfina fyrir nýjar leiðir og atvinnutækifæri sem standa til boða. Það þarf að skilgreina

kosti og galla og gera grein fyrir þeim möguleikum sem í boði eru. Markmið bæjarstjórnarinnar hefur verið að efla rannsóknir og aðstöðu fyrir störf án staðsetningar. Síðasta sumar skrifaði Sigurður Ingi Jóhannsson undir samning við Sigtún – Þróunarfélag um tilraunaverkefni sem felst í því að byggja upp vinnustofu í gamla Landsbankahúsinu á Selfossi. Þetta gefur þeim, sem sækja störf hjá hinu opinbera á höfuðborgarsvæðinu tækifæri til að stunda störf sína hér í Árborg. Ég tel þetta mjög mikilvægt og jákvætt skref í átt að bættri atvinnuþróun.

Ég tel að störf án staðsetninga geti haft jákvæð áhrif á samfélagið, með því að auka tækifæri íbúa sveitarfélagsins til starfa í heimabyggð dregur það úr starfstengdum tímafrekum ferðalögum til og frá vinnu. Þá eykur það möguleika íbúa á að nýta þá þjónustu sem í boði er innan sveitarfélagsins. Með samvinnu, góðri stjórnun og nýsköpun getum við haldið áfram að byggja ofan á grunninn að einhverju svo miklu meira.

*Elly Tómasdóttir
Frambjóðandi í 2. sæti í prófkjöri Framsóknarflokksins í Árborg fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar.*

Bókagjöf í Flóaskóla

Kvenfélag Villingaholts-hrepps færði Flóaskóla í Flóahreppi veglega bókagjöf rétt fyrir jól. Bækurnar voru keyptar eftir óskalistum frá nemendum og verða varðveittar á bókasafni

skólans. Lestur er lykilþáttur í námi og því teljum við í kvenfélaginu mikilvægt að uppfæra reglulega bókakost skólans og stuðla þannig að fjölbreytni og áhuga á lestri.



frá vinstri Gunnlaug Hartmannsdóttir skólastjóri, Ásta Björg Jónsdóttir og Alexander Máni Axelsson nemendur, Ósk Unnarsdóttir og Fanney Ólafsdóttir frá kvenfélaginu

Framtíðaruppbygging BES



Nú þegar ljóst er að skemmdir á skólahúsnæði Barnaskólans á Eyrarbakka eru jafn umfangsmiklar og raun ber vitni þurfum við sem erum pólitískir fulltrúar í svf. Árborg, skóla-samfélagið og íbúar á Eyrarbakka og Stokkseyri að taka höndum saman og vinna að sameiginlegri lausn sem tryggir framtíð skólastarfs í þorpunum tveimur.

Þrátt fyrir að niðurstaðan sé áfall og mörgum þyki sárt að sjá á eftir gamla skólanum sínum þá má líka segja að við höfum fengið óvænt tækifæri í hendurnar. Tækifæri til að byggja upp framtíðarskóla fyrir Eyrarbakka og Stokkseyri, en auk þess sem skólahúsnæðið á Eyrarbakka er ónothæft (og að öllum líkindum borgar sig ekki að gera við það) þá er aðstaða til íþróttaiðkunar og kennslu einnig óviðunandi fyrir framtíðarskólastarf á Eyrarbakka og Stokkseyri.

Ein lausnin á þeirri áskorun sem við stöndum frammi fyrir og hægt væri að hugsa sér er að byggja nýjan skóla og íþróttastöðu (íþróttahús og kennslulaug) á milli þorpanna. Rökin fyrir því væru m.a. þau að skv. þeirri aðalskipulagsvinnu sem nú er verið að leggja lokahönd á fyrir Svf. Árborg er gert ráð fyrir að byggjast á Eyrarbakka og Stokkseyri vaxi saman með tímanum. Íbúum hefur verið að fjölga á báðum stöðum og vandseð að það muni breytist á næstu

árum. Með nýjum skóla milli þorpanna og nýrri veltengingu milli þeirra er líklegt að íbúum muni fjölga enn hraðar en ella enda myndi slík metnaðarfull uppbygging Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri verða mikið aðdráttarafl. Á meðfylgjandi mynd er hugmynd af staðsetningu og hugsanlegri veltengingu.

Auðvitað sýnist sitt hverjum um þessa tillögu enda er þetta bara hugmynd inn í umræðuna um þetta mikilvæga mál. Hún er hins vegar sett fram með það í huga að hvetja íbúa Eyrarbakka og Stokkseyrar, skóla-samfélagið og kjörna fulltrúa að vega og meta alla hugsanlega kosti og ókosti við hinar ýmsu hugmyndir og tillögur sem eiga eftir að koma fram. Það er brýnt að skiptast málefnalega á skoðunum þannig að það náist í sameiningu að finna bestu mögulegu lausnina fyrir framtíðaruppbyggingu skólastarfs í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri.

Það er von mín að í haust, á 170 ára afmæli BES hafi náðst sátt um uppbyggingu og tilhögun skólastarfs í BES til langrar framtíðar. Það væri í mínum huga besta afmælisgjöf sem hægt væri að gefa elsta starfandi Barnaskóla á landinu.

Sigurjón Vídalín Guðmundsson
Bæjarfulltrúi Svf. Árborg

VISS, vinnu og hæfingarstöð í Þorlákshöfn



ÖLFUS

óskar eftir ráða deildarstjóra til starfa.

VISS vinnu og hæfingarstöð óskar eftir að ráða deildastjóra í 80% stöðu.

VISS er vinnustaður fyrir fólk með skerta starfsgetu. Unnið er að því að styðja og efla starfsmenn í vinnu og virkni. Hjá VISS er unnið eftir hugmyndafræðinni „Þjónandi leiðsögn“ og „Sjálfstætt líf“. Leiðbeinendur vinna samkvæmt lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 auk tengdra reglugerða.

Helstu verkefni eru :

- Daglegt utanhald um rekstur og starfsemina
- Starfsmannahald
- Móta stefnu og markmið þjónustunnar í samráði við forstöðumann
- Verkefnaöflun og að verkefni sé við hæfi hvers og eins.
- Aðstoð fatlað fólk í athöfnum daglegs lífs.

Helstu markmið starfsins eru:

- Faglegt starf með fötluðu fólki
- Leiðbeina, styðja og hvetja
- Skapa öryggi og vellíðan á vinnustað
- Efling sjálfsákvörðunarréttar fatlaðs fólks

Hæfniskröfur:

- Menntun í þroskapjálfun eða önnur menntun sem nýtist í þessu starfi
- Reynsla í starfi með fötluðu fólki
- Reynsla af stjórnun og starfsmannahaldi
- Leiðtoga- og skipulagshæfileikar
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og góð þjónustulund
- Góð tölvukunnátta

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launaneftdar sveitarfélaga og Þroskapjálfafélags Íslands

- Umsóknarfrestur er til 14. febrúar 2022
- Nánari upplýsingar veitir Ragnhildur Jónsdóttir forstöðuþroskapjálfi ragnhildur@arborg.is eða í síma 480-6920 og 899-7254 og Guðni Pétursson gudni@olfus.is í síma 480-3800
- Umsóknum skal skilað rafrænt á heimasíðu Ölfuss www.olfus.is

Sveitarfélagið Ölfus er framsækið sveitarfélag og leggur ríka áhersla á góðan starfsanda á vinnustað. Þá er leitast við að auka möguleika starfsfólks til að samræma vinnu og fjölskylduabyrgð eins og kostur er.

Öllum umsóknum verður svarað.



Við erum sérfræðingar í prentun bóka, almennu prentverki og framleiðslu umbúða. Öll framleiðsla fer fram á Íslandi.

Láttu sérfræðinga okkar aðstoða við að finna bestu, hagkvæmustu og umhverfisvænustu leiðina fyrir þig.

Vertu hjartanlega velkomin



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límimiðar



Stimplar

Eyravegi 25, 800 Selfoss
482 1944
selfoss@prentmetoddi.is



FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heilðræn
meðhöndlun
Áttund

20% afsláttur
af gjafakortum

Ný námskeið
3. febrúar.



Ragnhildur
Sigurðardóttir
farsími
693 2197

Cand.mag. í jfróttfræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
nuddmeistari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

FÉLAGSSTÖRF



NÝJAR REGLUR UM FJÖLDTAKMÖRK Á SAMKOMUM

Félagsstarf getur
nú hafist með sama
hætti og var fyrir jól.
Viðburðastjórar taka
afstöðu hvenær þeir
fara af stað með sína
starfsemi.

Ath. Verið er að vinna í
stóra salnum og breyta
þar kaffiaðstöðunni.
Lestur fornþókmennta
hefst 14. febrúar. (Njála
kafli 60).

Minum á heimasíðu
félagsins og Facebook.

BÍLAR



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti



Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.



Hjólástillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

ÞJÓNUSTA

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is



S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

FUNDIR

Vöflukaffi

Vöflukaffi verður nk.
laugardag á milli kl: 11 og
12 á Eyravegi 15, Selfossi.
Taka skal viljann fyrir verkið
Allir velkomnir!

ÞJÓNUSTA

A.O. VERKTAKAR

Nýsmíði, endurbætur
og viðgerðir.

Alhliða
byggingaþjónusta.

Sími 761 8055
aoverkt@gmail.com



KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
S. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

KIRKJUR

Aðventistar

Safnaðarheimili aðventista,
Eyravegi 67, Selfossi, 12.
febrúar. Biblíulexíur kl. 11 og
guðsþjónusta kl. 12.
Verið velkomin.

Skálholtsdómkirkja

Messa kl. 11 fyrir fólk úr
öllum sóknum. Daglaunafólk
Drottins. 1. sunnud. í níu-
viknafostu. Organisti Jón
Bjarnason. Sr. Kristján
Björnsson, vígslubiskup.

Eyrarbyggjakirkja

Barnasamvera laugardaginn
12. febrúar kl. 11:00.
Messa sunnudaginn 13.
febrúar kl. 11:00. Kirkjukórinn
syngur, organisti Haukur
Arnarr Gíslason, prestur
Gunnar Jóhannesson.

Gaulverjabæjarkirkja

Messa sunnudaginn 13.
febrúar kl. 14:00. Kirkjukórinn
syngur, organisti Haukur
Arnarr Gíslason, prestur
Gunnar Jóhannesson.

Selfosskirkja

Kvölmessa sunnudaginn 13.
febrúar kl. 20:00. Kirkjukórinn
syngur, organisti Edit A.
Molnár, prestur Gunnar
Jóhannesson.

Sunnudagaskóli sunnudaginn
13. febrúar kl. 11:00, umsjón
Sjöfn Jóhannsdóttir ásamt
leiðtogum.
Morgunbænir
þriðju-, miðviku- og fimmtu-
daga kl. 9:15.
Kyrrðarstund
miðvikudaga kl. 17:00.



Fáðu tilboð í auglýsingarnar
Auglýsingasíminn er 482 1944

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur,
Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynnt tillaga deiliskipulagsáætlunar og skipulagslýsing eftirfarandi skipulagsáætlana:

1. Heiðarbær Stórholt L166345, Heiðarbær Litlaholt L204983 og Smáholt L208386; Deiliskipulag – 1907022

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 8. febrúar 2022 að kynna skipulagslýsingu sem tekur til nýs deiliskipulags sem tekur til smábýlislóða úr landi Heiðarbæjar. Meginmarkmið deiliskipulagsins er að afmarka lóðir og skilgreina byggingarreiti innan þeirra. Landeigendur hafa í hyggju að sameina ofangreindar jarðir og skipta niður í 10-12 ha smábýli / jarðir. Innan smábýlisjarðanna verði m.a. gert ráð fyrir heimildum sem taka til uppbyggingar á íbúðarhúsum og útiðsum. Gert er ráð fyrir því að innan jarðanna megi stunda landbúnað og minni háttar atvinnurekstur í samræmi við heimildir aðalskipulags er varðar landbúnaðarsvæði.

2. Útey 2; Frístundasvæði í Mýrarskógi; Deiliskipulag – 2201011

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 6. janúar 2022 að kynna tillögu nýs deiliskipulags vegna frístundasvæðis í Mýrarskógi í landi Úteyjar 2. Í tillögunni felst skipulagning 8 ha frístundahúsasvæðis í Mýrarskógi. Innan svæðisins hafa nú þegar verið byggð 6 frístundahús og nær deiliskipulagið yfir þær lóðir auk þess sem bætt er við 4 lóðum innan reitsins svo lóðirnar verða 10 samtals..

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

3. Krókur L166243; Deiliskipulag – 2112033

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 8. febrúar 2022 að auglýsinga tillögu sem tekur til deiliskipulags fyrir jörðina Krók, L166243. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda innan jarðarinnar. Innan skipulagsins er m.a. gert ráð fyrir tveimur íbúðarhúsum, skemmu, geymslu og gestahúsum.

4. Hróarsholt spilda G L197225; Deiliskipulag – 2201050

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 8. febrúar 2022 að auglýsinga tillögu sem tekur deiliskipulags innan jarðarspildunnar Hróarsholt spilda G, L197225. Markmið deiliskipulagsins er að afmarka byggingareit fyrir uppbyggingu íbúðarhúss, útiðsum og skilgreina nýja aðkomu að landinu.

5. Írafoss- og Ljósafossvirkjanir L168922 og L168926; Sogið: Deiliskipulag – 1804008

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. janúar 2022 að auglýsa deiliskipulagstillögu sem tekur til Írafoss- og Ljósafossvirkjana. Í deiliskipulaginu felst m.a. staðfesting núverandi landnotkun svæðisins auk þess sem að hún gerir ráð fyrir byggingu yfir hluta tengivirkis við Írafossstöð og stöðvarhúsi fyrir vetnisstöð. Samhliða er unnið að gerð deiliskipulags fyrir Steingrímsstöð. Unnin hefur verið mannvirkjaskráning fyrir stöðvarnar og eru settir skilmálar fyrir mannvirki í tengslum við hana.

6. Steingrímsstöð L170935; Sogið: Deiliskipulag – 1804009

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. janúar 2022 að auglýsa deiliskipulagstillögu sem tekur til Steingrímsstöðvar. Í deiliskipulaginu felst staðfesting á núverandi landnotkun svæðisins. Samhliða er unnið að gerð deiliskipulags fyrir Írafoss- og Ljósafossvæðið. Unnin hefur verið mannvirkjaskráning fyrir stöðina og eru settir skilmálar í tengslum við hana. Þá hefur deiliskráning fornminja verið gerð.

7. Syðri-Reykir 2 L167163; Deiliskipulag – 2101037

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 20. janúar 2022 að auglýsa deiliskipulagstillögu sem tekur til jarðar Syðri-Reykja 2, L167163. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda fyrir íbúðarhúsi, gróðurhúsi, vélaskemmu og byggingar sem ætluð er fyrir ferðaþjónustu.

8. Kringla 2 og 9; Kringlugil 1 og 2; Deiliskipulag – 2107009

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. janúar 2022 að auglýsa deiliskipulagstillögu sem tekur til Kringlu 2 og 9. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda fyrir íbúðarhúsi og úthús.

9. Markalækur L192476; Sameining lóða; Deiliskipulagsbreyting – 2112047

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. janúar 2022 að auglýsa deiliskipulagsbreytingu sem tekur til Markalæks, L192476. Deiliskipulagsbreytingin nær til 2 ha lands, Markalæks L192476, og gerir ráð fyrir sameiningu tveggja lóða í eina lóð ásamt breyttum byggingarheimildum innan svæðisins.

10. Framnes; Nes 1 L230551 og Nes 2 L230552; Deiliskipulag – 2109063

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 26. janúar 2022 að auglýsa deiliskipulagstillögu sem tekur til lóð úr landi Framnes. Deiliskipulagið tekur til lóða fyrir íbúðarhús, gestahús og skemmu.

11. Hrunamannafréttur L223267; Kerlingarfjöll; Landvarðarskáli, Deiliskipulag – 2110001

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 3. febrúar 2022 að auglýsa deiliskipulagstillögu sem tekur til landvarðarskála í Kerlingarfjöllum. Í deiliskipulaginu felst að skilgreind er lóð fyrir landvarðarskála í Kerlingarfjöllum. Innan lóðar verður heimilt að byggja allt að 150 fm skálahús á einni til tveimur hæðum. Samhliða gildistöku þessa skipulags verður svæði fellt úr gildandi skipulagi svæðisins frá 2014.

12. Öndverðarnes; Réttarhólsvegur 46; Deiliskipulag – 2201042

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 2. febrúar 2022 að auglýsa deiliskipulagstillögu sem tekur til Réttarhólsvegar 46 í landi Öndverðarnes. Í deiliskipulaginu felst skilgreining á 3000 fm lóð ásamt byggingarheimildum fyrir íbúðarhús og geymslu allt að 300 fm í heild sinni.

13. Klausturhólar L168258; Bæjartorfa; Deiliskipulag – 2201053

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 2. febrúar 2022 að auglýsa deiliskipulagstillögu sem tekur til bæjartorfunnar að Klausturhólum. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarheimilda á 7 lóðum og 8 byggingarreitum. Innan svæðisins er m.a. gert ráð fyrir uppbyggingu íbúðarhúsa, skemma og hesthúss.

14. Kerhólar svæði A, B og C; Frístundabyggð; Endurskoðað deiliskipulag – 2201063

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 2. febrúar 2022 að auglýsa deiliskipulagstillögu sem tekur til frístundasvæðis að Kerhólum, svæði A, B og C. Tillagan er sett fram sem nýtt deiliskipulag og tekur til allra þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á upprunalegu deiliskipulagi svæðisins. Við gildistöku deiliskipulags falla úr gildi öll ákvæði eldra deiliskipulags. Tilgangur skipulagsgerðarinnar er að uppfæra eldra skipulag í samræmi við núgildandi lög og skilgreina helstu bygginga- og framkvæmdaskilmála innan svæðisins með skýrum hætti.

15. Böðmóðsstaðir; Frístundabyggð; Deiliskipulagsbreyting – 2201041

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 20. janúar 2022 að auglýsa deiliskipulagsbreytingu sem tekur til hluta frístundabyggðar að Böðmóðsstöðum. Í deiliskipulagsbreytingunni felst breyting á byggingarskilmálum innan svæðisins sem taka til lóðar 8 a-b-c-d, 10 a-b og 11 a-b-c. Samkvæmt núverandi skipulagi er gert ráð fyrir því að sumarhúsin séu ekki stærri en 60 fm, þakhalli sé á bilinu 13-45° og hámarkshæð mænis skuli vera 4,5 m frá gólfi. Með breyttum skilmálum er gert ráð fyrir að heimild fyrir byggingu allt að 200 fm frístundahúss auk 40 fm aukahúss innan hámarks nýtingarhlutfalls 0,03. Heimilaður þakhalli verði á bilinu 0-45° og mænishæð 5,5 m frá gólfi.

16. Búrfellsvirkjun; Endurskoðað deiliskipulag – 2112064

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 2. febrúar 2022 að auglýsa tillögu endurskoðaðs deiliskipulags fyrir Búrfellsvirkjun. Þar sem virkjun er fullbyggð og rekstur hennar hafinn snýr breytt skipulag að því að skilgreina núverandi stöðu svæðisins með Búrfellsvirkjun í fullum rekstri. Því tekur tillagan til núverandi stöðu svæðisins og til þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru frá gildandi skipulagi.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni <http://www.utu.is>. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: <https://www.blaskogabyggd.is/>, <https://www.floahreppur.is/>, <https://www.fludir.is/>, <https://www.gogg.is/> og <https://www.skeidgnup.is/>

Mál nr. 1 – 2 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 9. febrúar 2022 til og með 3. mars 2022.

Mál nr. 3 – 16 innan auglýsingar eru auglýst frá 9. febrúar 2022 til og með 25. mars 2022.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is

Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU



Bláskógaskóli Laugarvatni fær Erasmus + styrk

Bláskógaskóli Laugarvatni tekur þátt í spennandi Erasmus- verkefni á árinu sem snýst um dyggða og gildis kennslu.

Verkefnið er með Nadace Pangea stofnuninni í Tékklandi sem hefur innleitt og þróað námsefnið frá árinu 2014. Verkefnastjóri Bláskógaskóla, Barbora Georgsdóttir Fialová hefur undanfarin ár unnið með þetta verkefni á leikskólastigi og fléttað það saman við úti-kennslu. Einnig hefur hún unnið að því að þýða verkefnið yfir á íslensku og þróa það með sínum nemendahóp á leikskólastiginu. Verkefnið snýst meðal annars um að kenna nemendum í leik- og grunnskóla að þekkja dyggðir og gildi. Hugtök eins og traust, sjálfsást, dugnaður og sjálfsárgi eru aðeins brot af þeim sem tekin eru fyrir til umræðu og kennslu í verkefninu. Hugtökini eru tæki sem börnin geta nýtt sér til að læra að þekkja betur og takast á við eigin tilfinningar og efla sig sem einstakling innan þess samfélags sem hann lifir og hrærist í. Það hefur verið mjög gaman að sjá umræðu nemenda á leikskólastigi mótast og þróað í takt við verkefnið þannig að þau geta sett orð á, íhugað eigin gildi, tilfinningar og hæfileikar. Þau eru einnig færari í að sjá hvernig öðrum líður í hópnum, leiðbeina og vera til staðar fyrir hvert

annað. Verkefnið fellur mjög vel að öðru kennsluefni og leiðum sem skólinn vinnur með svo sem ART- þjálfun og Vináttuverkefni Barnaheilla.

Hluti af því að taka þátt í Erasmus+ verkefni er að læra af öðrum og fylgja því heimsóknir á milli skóla. Tékkneskir þátttakendur sem að koma í heimssókn til Íslands munu því kenna og kynna enn betur hvernig unnið er með dyggða og gildis-kennsluna í skólunum þeirra og hjálpa til við frekari innleiðingu á kennsluefninu bæði í leik- og grunnskólastigi. Þar sem okkur þykir nú þegar hafa tekist mjög vel til og að efnið sé einstaklega gagnlegt og áhugavert þá stendur hugur jafnt skólans sem og verkefnastjórans Barboru til þess að gera efnið aðgengilegt öðrum skólum sem hafa áhuga á því.

Tékkneskir kennarar sem taka þátt í verkefninu hafa einstakan áhuga á að kynna þvi mikla og öflug útskólastarfi sem unnið er með á öllum stigum Bláskógaskóla á Laugarvatni. Markmið þeirra er að læra um útskólann þar sem er unnin þvert á skólastig og geta flutt þá þekkingu heim til Tékklands. Kennarar Bláskógaskóla munu því ekki aðeins fá að læra um dyggðamennt heldur munu þeir miðla sinni þekkingu og reynslu til samstarfsaðilanna.



VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

**Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmiði**

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980



**HREINGERINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.**

Allar ræstingar
Steinteppabreinsun, teppabreinsun,
bón, gluggabreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Freint um allt Suðurland

**Tækniþjónusta
Suðurlands ehf.
Selfossi**

Sjónvarpskerfi
fyrir hótél og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Simkerfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla

Gunnar Guðmundsson **Vilmundur Sigurðsson**
Sími 694 4922 Sími 779 6777

**Sprettur
ÁBURÐUR**

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

**expert
kæling**

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

prentmet
heilðarlausnir í prentun

Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

D-H BÓKHALD

- ✓ Bókhaldsþjónusta
- ✓ Skattskil
- ✓ Stofnun fyrirtækja
- ✓ Framtöl og ársreikningar
- ✓ Fyrirtækjaráðgjöf

Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
dhbokhald@gmail.com
s. 6933708

Jiibbiíi
Siggafærdiz


- Flutningaþjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Lagnaþjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT

**Vinnuvélanámskeið
á netinu!**


www.vinnuvelaskolinn.is



Fæst hjá
BYKO Selfossi

**Hjólbarðapjónusta
Magnúsar**

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151



Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

**Rétting
og málun**

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi

480 8020



Bilverk BA

Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is